

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Tunguskeiði í Skutulsfirði í Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Tunguskeið í Skutulsfirði. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ, 2. júní 1998.

Kristinn Jón Jónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Meláss 3 í Garðabæ. Hið nýja deiliskipulag lóðarinnar felst í því, að heimilt er að byggt sé hús með tveimur sjálfstæðum íbúðum á lóðinni. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 26. gr. laga nr. 73/1997. Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 4. júní 1998.

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

Eiríkur Bjarnason.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Eyrarsveitar og fundarsköp hreppsnefndar nr. 230/1993.

1. gr.

4. tölul. B í 62. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Barnaverndarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992. Heimilt er þó að starfrækja sameiginlega barnaverndarnefnd með öðrum sveitarfélögum og tilnefnir hreppsnefnd Eyrarsveitar fulltrúa í nefndina í samræmi við sérstakan samning þar um.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur gert skv. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. júní 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.